

Sp.

98. Fyrirspurn

[94. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hyggst dómsmálaráðherra fara að tillögum starfshóps frá 5. mars sl., sem skipaður var í samræmi við ályktun Alþingis í desember sl., um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna? Þess er óskað að tilgreint verði hvort framkvæmd eða undirbúningur sé hafinn um hvert einstakt atriði í tillögu hópsins sem snerta:
 - a. skipulagsbreytingar við rannsókn fíkniefnamála,
 - b. löggæslu,
 - c. tollgæslu,
 - d. breyttar rannsóknaraðferðir,
 - e. alþjóðasamvinnu,
 - f. hert viðurlög.
2. Hvert er álit dómsmálaráðherra á athugasemdum sex rannsóknarlögreglumanna við hugmyndir starfshópsins sem sendar voru dómsmálaráðherra 20. mars sl.? Verður tekið tillit til ábendinga rannsóknarlögreglumanna?